

Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](#) FINNAQ

atvinna@mbl.is • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, berglindb@mbl.is, 569 1246



Embætti varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika laust til umsóknar

Forsætisráðherra skipar varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands til fimm ára í senn, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands. Aðeins er hægt að skipa sama einstakling varaseðlabankastjóra tvisvar sinnum.

Helstu verkefni og ábyrgð

Varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika leiðir málefni sem varða fjármálastöðugleika í Seðlabanka Íslands. Hann situr í peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd og þarf því að búa yfir hæfni og reynslu á sviðum fjármálastarfsemi og efnahagsmála.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi auk þess að uppfylla önnur skilyrði samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands og 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Að auki eru eftirfarandi hæfnisviðmið lögð til grundvallar:

- Þekking á viðfangsefnum á sviði fjármálastöðugleika
- Þekking á efnahags- og peningamálum
- Þekking á laga- og regluhverfi á sviði fjármálastöðugleika
- Reynsla af alþjóðlegu samstarfi
- Reynsla af stjórnun og hæfileikar á því sviði
- Færni til að tjá sig skipulega í ræðu og riti bæði á íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Frekari upplýsingar um starfið

Um laun og önnur starfskjör fer eftir ákvæðum laga um launa- og starfskjör varaseðlabankastjóra, sbr. 5. gr. laga nr. 92/2019.

Fjármála- og efnahagsráðherra mun skipa þrjú manna nefnd er hefur það hlutverk að leggja mat á hæfni umsækjenda um embættið. Verður einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins, einn samkvæmt tilnefningu bankaráðs Seðlabanka Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Nefndin mun starfa eftir reglum um störf ráðgefandi nefnda er fjalla um hæfni umsækjenda um seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra, nr. 977/2019.

Í umsókn um embættið skal greina frá nafni, kennitölu, heimilisfangi og starfstitli umsækjanda auk þess sem veita skal ítarlegar upplýsingar um menntun, starfsferil og reynslu. Umsókn skal senda á netfangið for@for.is.

Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni.

Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2024. Nöfn umsækjenda verða birt á heimasíðu ráðuneytisins að fresti loknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Hlöðversdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, bryndis.hlodversdottir@for.is

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið



Konrektor



Laus er til umsóknar staða konrektors við Menntaskólann í Reykjavík. Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2024 til fimm ára.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Konrektor er staðgengill rektors og vinnur með honum við daglega stjórn skólans
- Konrektor hefur umsjón með nemendaskráningu, námsferlum og mati á námi
- Konrektor hefur umsjón með gerð skólanámskrár
- Konrektor annast í samstarfi við aðra töflugerð og próftöflugerð

Hæfniskröfur

- Starfsheitið kennari (sbr. lög nr. 95/2019) og kennslureynsla á framhaldsskólastigi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun er kostur.
- Reynsla eða þekking á skólaþróun og stjórnun er kostur.
- Góð leiðtoga- og samskiptahæfni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Kunnátta og reynsla af INNU er kostur.
- Þekking og reynsla af stjórnsýslu er kostur.
- Þekking á fjármálum og rekstri er æskileg.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert.

Umsóknum skal skila rafrænt í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is) með tilheyrandi gögnum s.s. leyfisbréfi, ferilskrá, kynningarbréfi, prófskirteinum og öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli við ákvörðun ráðningar.

Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið.

Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Athygli umsækjenda skal vakin á því að samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en af ráðningu getur orðið.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans (www.mr.is)

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 30.04.2024

Nánari upplýsingar veitir

Sólveig Guðrún Hannesdóttir, solveigh@mr.is, sími 545 1900

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

Forstöðumaður markaðsmála og sjálfbærni




Krónan leitar að öflugum aðila til þess að stýra frábæru markaðsteymi Krónunnar sem sinnir áframhaldandi uppbyggingu á einu sterkasta vörumerki landsins.


Við bjóðum upp á fjölbreytt verkefni og skemmtilegar áskoranir í starfsumhverfi þar sem hraðinn er mikill og framþróun ávallt höfð að leiðarljósi.

Ef þú brennur fyrir markaðsmálum og sjálfbærni og vilt vera hluti af metnaðarfullu teymi þar sem markmiðið er að móta matvöruverslun framtíðarinnar þá er þetta tækifæri fyrir þig.

Langar þig að eiga þátt í að móta matvöruverslun framtíðarinnar?



Forstöðumaður aðfangastýringar



Við leitum að öflugum aðila til þess að leiða teymi aðfangastýringar í Krónunni. Starfið krefst reynslu í breytingastjórnun og umbótastarfi því Krónan vinnur stöðugt að því að hámarka gæði sem og stöðugleika í framboði vara.

Um er að ræða yfirumsjón og ábyrgð á vörufleði Krónunnar, allt frá pöntunum og innflutningi yfir í birgðastýringu og dreifingu vara frá birgjum og vöruhúsum til verslana.

Ef þú brennur fyrir aðfangastýringu og hefur áhuga á hröðu og krefjandi umhverfi lágvöruverðsverslunar með ríka áherslu á ferskvöru þá er þetta tækifæri fyrir þig.

Krónan býður upp á fjölbreyttan og metnaðarfullan vinnustað þar sem hægt er að hafa áhrif og leiða verkefni með sýnilegum árangri. Hjá Krónunni starfa um þúsund manns, við eigum ánægðustu viðskiptavinina sjö ár í röð og erum með jafnlaunavottun VR.

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl. Sótt er um starfið á kronan.is/atvinna

Nánari upplýsingar veitir Ásta Bærings, forstöðumaður mannauðs og menningar (baerings@kronan.is).

KRÓNAN



TBR var stofnað 1938. Á stefnuskrá félagsins er iðkun tennis og badminton og að glæða áhuga á þeim íþróttum. Félagar eru um 3.000 talsins. Félagið á tvö íþróttahús að Gnoðarvogi 1 sem eru einkum ætluð fyrir badminton. Í húsunum eru samtals 17 badmintonvellir, aðstaða fyrir borðtennis, leikfimi og heilsurækt ásamt félagsaðstöðu.

Á stefnuskrá félagsins er að reisa tennishús á lóð félagsins sem yrði fyrsta innanhúss aðstaða fyrir tennisíþróttina í Reykjavík.

Félagið er fjárhagslega sterkt og fær um að fylgja eftir metnaðarfullum markmiðum sínum um að byggja upp aðstöðu sína í Laugardalnum og stöðu félagsins sem leiðandi almennings- og keppnisíþróttafélag.

Badmintoníþróttin er ein vinsælasta almenningsíþrótt á Íslandi í dag og ber TBR mikla ábyrgð sem stærsta badmintonfélag landsins á útbreiðslu og nýliðun íþróttarinnar.

Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsjón með starfinu hafa Hilmar Garðar Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) og Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is).

Framkvæmdastjóri

Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur (TBR) auglýsir eftir framkvæmdastjóra. Við leitum að drífandi stjórnanda til að leiða áframhaldandi uppbyggingu á starfsemi félagsins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf þar sem reynir á framsýni, leiðtogahæfileika og metnað. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og heyrir beint undir stjórn. Starfshlutfall er 100%.

Starfssvið:

- Dagleg starfsemi félagsins, rekstur og fjármál.
- Stefnumótun, gerð rekstraráætlana og eftirfylgni með þeim.
- Starfsmannahald, fjölbreytt samskipti við stjórn og félagsmenn.
- Yfirumsjón með viðburðum á vegum félagsins.
- Samskipti aðila innan íþróttahreyfingarinnar og opinbera aðila.
- Yfirumsjón með rekstri, uppbyggingu og viðhaldi fasteigna félagsins.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á rekstri og fjármálum.
- Góð samskiptahæfni og geta til að vinna í krefjandi umhverfi.
- Frumkvæði, metnaður, framsýni, sjálfstæði og leiðtogahæfni.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög góð íslenskukunnátta og færni í ensku.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF

Framkvæmdastjóri

Við leitum að öflugum framkvæmdastjóra í stjórnunar- og leiðtoga-starf hjá Iðunni fræðslusetri. Leitað er að framsýnum einstaklingi sem hefur faglegan metnað, frumkvæði, forystuhæfileika, þekkingu á nýsköpun og framúrskarandi samskiptahæfni til að leiða 30 manna hóp starfsmanna. Framkvæmdastjóri sinnir daglegum rekstri Iðunnar og vinnur að framkvæmd stefnu félagsins.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- Ábyrgð á daglegum rekstri félagsins
- Leiða sjálfbærnivegferð félagsins
- Ýta undir nýsköpun og leita að vaxtartækifærum
- Byggja upp sterkt tengslanet í iðngreinum
- Styðja við stjórnendur og annað starfsfólk og virkja þekkingu þeirra og innsæi
- Byggja upp teymisumhverfi
- Virk samskipti við ytri hagaðila eins og aðildarfélög, starfsfólk í iðngreinum, stjórnvöld í menntamálum, erlenda samstarfsaðila og fjölmiðla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Iðn- og/eða háskólamenntun og reynsla sem nýtist í starfinu
- Leiðtogahæfni og geta til að skapa sterka liðsheild
- Brennandi áhugi á þróun þekkingar og færni í iðnaði
- Reynsla af rekstri og mannauðsstjórnun
- Geta til að miðla framgangi á gagnadrifinn hátt
- Framtíðarsýn og stefnumótandi hugsun
- Hæfni til að hafa jákvæð áhrif á forvitnis- og þróunarmenningu
- Skilningur og hæfni til að starfa samkvæmt lagalegum og siðferðilegum kröfum í anda sjálfbærni og gilda félagsins sem eru framsækni, virðing og fagmennska



IÐAN
Fræðslusetur

Iðan er fræðslusetur í iðnaði og sinnir símenntun starfsmanna í bilgreinum, bygginga- og mannvirkjagreinum, málm- og véltæknigreinum, prent- og miðlunargreinum og matvæla- og veitingagreinum. Námsframboðið er fjölbreytt og í stöðugri þróun en markmið Iðunnar er að stuðla að framúrskarandi færni, framþróun og nýsköpun meðal starfsfólks í iðngreinum.



Sótt er um starfið á hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með **28. apríl nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is.



Lausar stöður við Grunnskóla Fjallabyggðar

Grunnskóli Fjallabyggðar leitar að liðsaka í frábæran hóp starfsmanna skólans. Leitað er eftir einstaklingum sem eru tilbúnir til að viðhalda og byggja upp öflugt skólasamfélag af dugnaði og atorku samkvæmt gildandi fræðslustefnu, með virðingu, metnað og gleði að leiðarljósi.

Grunnskóli Fjallabyggðar er ríflega 220 nemenda skóli með starfsstöðvar í Ólafsfirði og á Siglufirði. Nánari upplýsingar um skólann má finna á <http://grunnskoli.fjallabyggd.is/> Nánari upplýsingar um Fjallabyggð er að finna á heimasíðunum www.fjallabyggd.is og www.fagnar.is

Gildi skólasamfélagsins í Fjallabyggð eru:
Kraftur – Sköpun – Lífsgleði

Meðal kennslugreina eru:

- Íþróttir.
- Hönnun og smíði.
- Textílmennnt á yngsta- og miðstigi.
- Heimilisfræði á mið- og unglingstigi.
- Umsjón á yngsta – og unglingastigi.

Ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2024.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari.
- Reynsla af kennslu í grunnskóla er æskileg.
- Góð kunnátta á notkun tölvu- og stafrænna lausna í skólalstarfi.
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði, góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilsskrá og afrit af leyfisbréfi, kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar með rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið ástamt upplýsingum um tvo umsagnaraðila.

Umsóknum skal skila á netfangið asabjork@fjallaskolar.is Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Fjallabyggð áskilur sér rétt til að hætta við ráðningu í einstaka stöðu og/eða auglýsa að nýju.

Upplýsingar um störfín veitir Ása Björk Stefánsdóttir skólalstarfi Grunnskóla Fjallabyggðar í gegnum netfangið asabjork@fjallaskolar.is eða síma 695-9998.

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí 2024.



Fjölbrautaskólinn við Ármúla auglýsir eftirfarandi störf laus til umsóknar.

- Kennari í **félagsfræði** í 75% starf (á haustönn 2024)
- Kennari í **íslensku fyrir erlenda nemendur** (ÍSAN) í 75% starf
- Kennari á **sérnámsbraut** í 100% starf

Allar frekari upplýsingar um hvert og eitt starf má finna á Starfatorgi, www.starfatorg.is.

Á heimasíðunni www.fa.is er að finna helstu upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum til að sækja um störfín.

Magnús Ingvason, Skólameistari FÁ.



Ice Fish Farm er eitt öflugasta fiskeldisfyrirtæki landsins með starfsemi í fimm sveitarfélögum. Seiðaframleiðsla félagsins samanstendur af seiðaeldisstöðvum í Ölfusi og tveimur seiðaeldisstöðvum í Norðurþingi, á Rifósi og Kópaskeri. Sjóeldi félagsins er í þremur fjörðum; Berufirði, Stöðvafirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði og umsókn í Seyðisfirði. Fyrirtækið rekur vinnslu á Djúpavogi. Stefnt er á að framleiða um 150 milljón máltíðir á ári af hágæða laxi sem er álitinn ofurfæða, enda með átt hlutfall af Omega 3. Fyrirtækið er með vottanir um sjálfbæra framleiðslu og er leiðandi í sinni grein.

Hjá Ice Fish Farm starfa um 200 manns og hefur fyrirtækið metnað til að vaxa og skapa samkeppnishæf og sjálfbær störf á Íslandi.

Framkvæmdastjóri mannauðs og menningar

Ice Fish Farm leitar að framsýnum og drífandi einstaklingi til að leiða mannauðsmál fyrirtækisins.

Framkvæmdastjóri mannauðs og menningar hefur umsjón með framkvæmd mannauðsstefnu í samvinnu við stjórnendur og leiðir uppbyggingu fyrirtækjamenningar, liðsheildar og eflingu nútímalegrar stjórnunar.

Viðkomandi þarf að vera framsækinn og hafa brennandi áhuga á mannauðsmálum, framþróun fyrirtækjamenningar og getu til að starfa í síbreytilegu umhverfi. Viðkomandi vinnur náið með forstjóra og öðrum framkvæmdastjórum og heimsækir reglulega starfsstöðvar félagsins fyrir norðan, austan og sunnan.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Forysta og stefnumótun mannauðsmála í takt við stefnu félagsins.
- Ábyrgð á framþróun, innleiðingu og nýsköpun á sviði mannauðsmála.
- Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk í mannauðsmálum.
- Umsjón með starfspróunar-, fræðslu- og vinnuverndarmálum.
- Ráðningar og móttaka nýliða.
- Mótun ferla og innleiðing umbótaverkefna.
- Árangursmælingar.
- Uppbygging og viðhald heilbrigðrar vinnustaðamenningar.
- Ábyrgð á launastefnu og launagreiningum.
- Eftirfylgni með jafnréttismálum og jafnlaunastefnu.
- Túlkun kjarasamninga og samskipti við stéttarfélag.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. í mannauðsstjórnun eða stjórnunartengdum fögum.
- Reynsla á sviði mannauðsmála.
- Reynsla af stefnumótun og áætlunargerð á sviði mannauðsmála.
- Afburðarhæfni í mannlegum samskiptum, rík þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði, góð skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi.
- Lausnamiðuð og gagnrýnin hugsun.
- Frumkvæði, sjálfstæði, nákvæmni og skipulag í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli.

Við hvetjum öll áhugasöm, óháð kyni og uppruna, til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 16. apríl nk.

Sótt er um starfið á www.vinnvinn.is.

Umsókn skal fylgja ferilsskrá á ensku og ítarlegt kynningarbréf á ensku þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsjón með starfinu hafa Margrét Stefánsdóttir (margret@vinnvinn.is) og Jensína K. Böðvarsdóttir (jensina@vinnvinn.is).

vinnvinn
RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF



Við bjóðum spennandi framtíð

Fram undan eru spennandi tímar og umfangsmiklar framkvæmdir í flutningskerfinu. Við hjá Landsneti erum á fleygiferð inn í framtíðina, sem í okkar huga er ljós, og leitum við að tveimur liðsfélögum til að bættast í öflugan hóp. Viðkomandi verða hluti af samhentum teymi sem stýrir stærri framkvæmdum í flutningskerfi Landsnets, allt frá undirbúningi í gegnum verkhönnun og áætlanagerð, yfir í útboðshönnun, verksamninga og verklega framkvæmd.

Ef þú hefur menntun, reynslu við hæfi og lausnamiðað viðhorf hvetjum við þig til að sækja um og taka þátt í að móta framtíðina með okkur!

Sérfræðingur áætlana

Við leitum að sérfræðingi með þekkingu og hæfni til að byggja upp og halda utan um kostnaðarbanka og til að hafa umsjón með kostnaðargreiningum og verk-áætlanagerð fjárfestingarverkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. verkfræði, tæknifræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af greiningum og úrvinnslu gagna
- Reynsla af áætlanagerð, hönnun eða eftirliti með verklegum framkvæmdum er kostur
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Jákvætt, uppbyggilegt og lausnamiðað viðhorf
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Verkefnastjóri framkvæmda

Fjöldmörg uppbyggingarverkefni eru fram undan sem bæta munu innviði og lífs-skilyrði í landinu og leitum við að öflugum verkefnastjóra framkvæmda til að stýra framkvæmdum um allt land.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði
- Reynsla af verkefnastjórnun, hönnun eða eftirliti með verklegum framkvæmdum
- Framúrskarandi samskipta- og skipulagshæfni
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í starfi
- Jákvætt, uppbyggilegt og lausnamiðað viðhorf
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með 5. maí nk. Sótt er um störf in á landsnet.is.

Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð uppruna, aldri eða kyni. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem þú segir okkur af hverju þig langar til að bættast í hópinn. Nánari upplýsingar veitir Jason Már Bergsteinnsson, mannauðssérfræðingur, mannaudur@landsnet.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Við erum lykilinnviður þjóðarinnar og allt okkar starf snýst um að miðla orku sem drifur áfram lífsgæði og sköpunarkraft samfélagsins til framtíðar. Við leggjum áherslu á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Við erum framsækið þekkingarfyrirtæki sem býður kraftmiklu starfsfólki spennandi verkefni við aðstæður þar sem umhyggja, jafnrétti og öryggi eru í fyrirrúmi.



Tónlistarskóli Eyjafjarðar auglýsir spennandi stöður tónlistarkennara

Trommukennari í 50-100% starfshlutfall
Trommukennslan er að stærstum hluta kennsla nemenda á grunnskólaaldri.

Tónmenntakennari í 50-100% starfshlutfall
Kennsla í leikskólum og yngstu bekkjum grunnskóla á starfssvæði tónlistarskólans. Áhugasvið kennara og hæfni getur ráðið miklu um áherslur í kennslunni.

Önnur hljóðfærakennsla
Ýmislegt gæti verið í boði en skólanum hentar

Á Akureyri er alla helstu þjónustu að finna, tónleikahúsið Hof, starfandi símfóníuhljómsveit og leikhús. Einstök náttúrufergurð og fjölbreytt aðstaða til útivistar.

Nánari upplýsingar: Guðlaugur Viktorsson, skólastjóri, te@krummi.is

afar vel að viðkomandi kennarar geti kennt á fleiri en eitt hljóðfæri.

Umsækjendur skulu hafa tónlistarkennaramenntun eða aðra menntun sem nýtist í starfi.

Laun eru samkvæmt samningi FT og FÍH við Samband íslenskra sveitarfélaga. Umsækjandi þarf að hafa bílpróf og bíl til umráða. Akstur greiddur samkvæmt kjarasamningi.

Umsóknarfrestur er til 3. maí 2024

Verkefni kennara eru:

- Að sinna kennslu sem hæfir áhugasviði og getu nemenda.
- Sinna kennslubundnum þáttum svo sem tónfundum, prófum, námsmati, skipulagi og öðru utanumhaldi.
- Full þátttaka í starfs- og endurmenntunaráætlun skólans og teymisvinnu
- Eiga í góðum samskiptum við nemendur, foreldra og samstarfsfólk.



Lausar stöður við Menntaskólann í Reykjavík

Kennarar í stærðfræði - 2 stöður 100%

Kennari í efnafræði - 75% afleysing í eitt ár

Náms- og starfsráðgjafi - 50-70% staða

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Kennarasamband Íslands hafa gert.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum Starfatorg (www.starfatorg.is) með tilheyrandi fylgigögnum, s.s. leyfisbréfi, ferilskrá, prófskírteinum og öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli.

Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið.

Umsókn getur gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Vakin er athygli umsækjenda á að samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hlotið hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en af ráðningu getur orðið.

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans (www.mr.is).

Umsóknarfrestur er til og með 30.04.2024

Nánari upplýsingar veitir

Sólveig Guðrún Hannesdóttir, solveigh@mr.is

Komdu í hópinn!

Hreint
RÆSTING



Sviðsstjóri fjármálasviðs

Hreint leitir að fjármálastjóra. Við erum stórt og leiðandi þjónustufyrirtæki í fremstu röð í okkar geira og leitum að lykilstjórnanda til að stýra fjármálasviðinu okkar. Við viljum heiðarlegan og nákvæman einstakling sem er frábær í mannlegum samskiptum og hefur reynslu af sambærilegum störfum eða menntun sem nýtist vel í starfi. Viðkomandi situr í framkvæmdaráði félagsins.

Við höfum skýra sýn hvert við stefnum og við viljum ráða lykilstjórnanda sem hjálpar okkur á þeirri vegferð. Við þjónustum fyrirtæki og stofnanir á sjö stöðum á landinum, erum í mikilli sókn og það eru spennandi tímar framundan. Hjá okkur starfar fjölbreyttur um 200 manna hópur starfsfólks frá meira en 30 löndum. Við erum nýlega búin að flytja höfuðstöðvar félagsins í nýuppgerð og glæsilegt húsnæði sem býður upp á góða nútímalega starfsaðstöðu.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almenn stjórnun fjármála
- Launavinnsla
- Áætlanagerð
- Umsjón bókhalds og uppgjöra
- Reikningagerð og stjórnun innkaupa.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Mikil reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
- Reynsla af stjórnun fjármála
- Jákvæðni og hressileiki
- Mikil hæfni og reynsla í samskiptum
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð skipulagshæfni og geta til þess að vinna undir álagi
- Frumkvæðni og áráðni
- Góð íslensku- og enskukunnátta



SÆKTU UM HÉR!



Markaðs- og kynningarstjóri

Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, leitir að drífandi einstaklingi í 100% starf markaðs- og kynningarstjóra félagsins.

Helstu verkefni eru ábyrgð á markaðs- og kynningarstarfi, þróun og innleiðing markaðsáætlana, ábyrgð á vitundarvakningum og textagerð fyrir markaðs- og útgáfuefni, umsjón með vef- og samfélagsmiðlum, ábyrgð á viðburðum og umsjón með almannatengslum.

Nánari upplýsingar veitir Hlynur Atli Magnússon, hlynur@hagvangur.is.

Umsóknarfrestur er til og með **14. apríl nk.**

Sótt er um starfið á hagvangur.is.



vinnvinn

Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR | RÁÐGJÖF





KRUMMA EHF
GYLFAFLÖT 7 – GRAFARVOGI
krumma@krumma.is

TRÉSMÍÐUR

Þarf að geta unnið sjálfstætt og stjórnað á verkstæði.

Verkefni: Uppsetning húsgagna í skólum sem og smíði og viðhald leiktækja og annað tilfallandi á verkstæði KRUMMA ehf.

Menntun: Trésmíði, íslensku og/eða ensku kunnátta, ökuréttindi,

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott viðmót og góða samskiptahæfni.

Umsóknir ásamt upplýsingum sendist á elin@krumma.is

JÁRNSMÍÐUR

Þarf að geta unnið sjálfstætt.

Verkefni: Smíði leiktækja, útihúsgagna, hjólagrinda, hliða og fl. tilfallandi á verkstæði KRUMMA ehf.

Menntun: Járnsmíði, íslensku og/eða ensku kunnátta, ökuréttindi.

Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir ásamt upplýsingum sendist á elin@krumma.is



Starfsmaður á skrifstofu

Ferðafélag Akureyrar óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu sína frá og með 1. júní 2024.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem er tilvalið fyrir fólk sem hefur áhuga á útvist og ferðalögum.

Helstu verkefni:

- Almenn skrifstofustörf
- Bókanir í skála og innheimta gistingu
- Upplýsingagjöf um ferðir, skála félagsins, aðstæður á fjallvegum o.fl.
- Umsjón með ferðum þ.e. auglýsingu, skráningu og brottför
- Samskipti við skálaverði og fararstjóra
- Annað sem til fellur

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði ferðapjónustu eða reynsla af ferðapjónustustörfum æskileg
- Reynsla af skrifstofustörfum æskileg
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Bókhaldskunnátta æskileg (FFA notar DK bókhaldskerfi)
- Góð samskiptahæfni mikilvæg
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Þarf að geta unnið sjálfstætt og sýnt frumkvæði í starfi

Um er að ræða fullt starf frá 1. maí til 30. september og hálf starf frá 1. október til 30. apríl.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorgerður Sigurðardóttir, formaður í síma 692-6904. Umsækjendur sendi umsókn með upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur á netfangið formadur@ffa.is.

Umsóknarfrestur er til 22. apríl næstkomandi.

Sérfræðingur í fjárhagsendurskoðun

Við leitum að að öflugum liðsauga í fjárhagsendurskoðun hjá embættinu. Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem unnin eru bæði sjálfstætt og í teyimum við endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila og athuganir embættisins á rekstri þeirra og innra eftirliti.

Starf sérfræðings í fjárhagsendurskoðun heyrir undir endurskoðunarsvið og eru starfsstöðvar embættisins í Reykjavík og á Akureyri.

Grunnkröfur fyrir öll störf

- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður og vilji til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð skipulagshæfni og nákvæmni
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta

Sérfræðingur í fjárhagsendurskoðun

Helstu verkefni og ábyrgð

- Endurskoðun ríkisreiknings og ársreikninga ríkisaðila
- Eftirlit með nýtingu og meðferð opinbers fjár
- Könnun á innra eftirliti stofnana og virkni þess
- Úttektir á fjárhagsmálefnum ríkisaðila

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýstist í starfi
- Framhaldsnám á sviði reikningshalds og endurskoðunar er kostur
- Reynsla af reikningshalds- og endurskoðunarstörfum
- Reynsla og/eða þekking á stjórnsýslu og rekstri hins opinbera
- Reynsla af tölfraðilegri úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga
- Þekking á alþjóðlegum endurskoðunar- og reikningsskilastöðlum er kostur
- Góðir greiningar- og ályktunarhæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Þekking á fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orra) er kostur

Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis og er trúnaðarmaður þess samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Hlutverk ríkisendurskoðanda er að hafa í umboði Alþingis eftirlit með fjárreiðum ríkisins, stofnana þess og ríkisfyrirtækja á þann hátt sem nánar greinir í lögnum. Hann skal í störfum sínum hafa eftirlit með tekjum ríkisins og að fjárheimildir og hvers konar verðmæti séu nýtt og þeim ráðstafað á hagkvæman og réttmætan hátt og í samræmi við forsendur og ákvarðanir Alþingis.

Ríkisendurskoðandi skal upplýsa Alþingi og stjórnvöld um málefni sem varða rekstur og fjárreiður ríkisins, leiða í ljós frávik frá lögum og reglum á því sviði og gera tillögur að úrbótum, bættari stjórnsýslu, skýrari ábyrgð og betri nýtingu ríkisfjár.

Starfshlutfall er 100% og um launakjör fer samkvæmt gildandi kjarasamningi sem Alþingi og Starfsmannafélag Ríkisendurskoðunar hafa gert. Umsóknir skulu fylltar út á starfatorg.is. Konur jafnt sem karlar og fólk með hlutlausu skráningu kyns í Þjóðskrá er hvatt til að sækja um. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá birtingu auglýsingar, sbr. reglur nr. 1000/2019 um auglýsingar lausra starfa. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu. **Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2024**

Upplýsingar um störf veitir Birgitta Arngrímsdóttir, mannauðsstjóri, á birgitta@rikisendurskodun.is eða í síma 448-8810



RÍKISENDURSKOÐUN



Sérfræðingur í rannsóknateymi

Sérfræðingur óskast í fullt starf hjá Rannís. Starfið felur í sér umsjón með allt að þremur fagræðum Rannsóknasjóðs; með áherslu á fagræð raunvísinda og stærðfræði og fagræð verkfræði og tæknivísinda, auk umsjónar með öðrum innlendum sjóðum og alþjóðlegum verkefnum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistarapróf á sviði raunvísinda eða verkfræði er áskilið en doktorspróf er kostur
- Reynsla af rannsóknum ásamt þekkingu á rannsóknahverfi er skilyrði
- Mjög góð kunnátta í íslensku og ensku bæði tal- og ritmáli
- Góð kunnátta í Norðurlandamáli er kostur
- Mjög góð færni í töflureikni er skilyrði ásamt færni í helstu Office forritum eða sambærilegu
- Mjög góð hæfni í greiningu og lausn vandamála er skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt góðri samskiptafærni áskilin
- Metnaður til að ná árangri í starfi með því að sýna vonduð vinnubrögð, frumkvæði og veita góða þjónustu

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Óli Sigurðsson, sviðsstjóri rannsókn- og nýsköpunarsviðs, í síma 515 5802 eða netfanginu sigurdur.o.sigurdsson@rannis.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. maí 2024.

Sækja skal um á vefsíðu Rannís, á www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/. Þar er einnig að finna nánari upplýsingar um starfið. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskríteini.

Við ráðningu í starfið er tekið mið af jafnréttisstefnu Rannís og er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um. Laun greiðast samkvæmt viðeigandi kjarasamningi við fjármálaráðuneytið.

Rannís er lífflegur vinnustaður með um 70 sérfræðingum sem starfa eftir gildum stofnunarinnar: Áhrif, fagmennska og samstarf. Hlutverk Rannís er að treysta stöðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu og stjórna þekkingarsamfélagi með rekstri samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og þjónustar undirbúning vísinda- og tæknistefnu.



rannís
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is





Rekstrarstjóri þjónustustöðva Olís

Olís óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan einstakling í starf rekstrarstjóra þjónustustöðva. Olís rekur yfir 20 þjónustustöðvar víðsvegar um landið og er rekstur þeirra fjölbreyttur. Starfi rekstrarstjóra fylgir ábyrgð á daglegum rekstri þjónustustöðva í góðri samvinnu við verslunarstjóra. Einnig mun rekstrarstjóri taka þátt í ýmsum krefjandi verkefnum sem miða að því að efla starfsemi Olís til lengri tíma. Rekstrarstjóri þjónustustöðva heyrir undir sviðsstjóra smásöluviðs.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur þjónustustöðva og stuðningur við verslunarstjóra
- Þjálfun starfsfólks
- Uppsetning vaktaplana og mönnun þjónustustöðva
- Vöruframstilling og eftirfylgni með stöðlum
- Önnur tilfallandi verkefni

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, uppbyggileg samskipti og fagleg vinnubrögð.

Hæfniskröfur

- Haldbær reynsla af verslunarstjórnun er skilyrði
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Leiðtogaþæfileikar, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti

Sótt er um starfið í gegnum vefform 50skills með því að skanna QR kóðann hér að neðan. Umsóknarfrestur er til 17.apríl. Nánari upplýsingar veitir Thelma Björk Wilson thelma@olis.is.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022-2025



olis

Smáauglýsingar

569 1100

Húsviðhald

Húsviðgerðir
www.husco.is

Sími 555 1947
Gsm 894 0217

mbl.is
fasteignir

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna

Áratuga reynsla og þekking
skilar fagmennsku og gæðum
Tímavinna eða tilboð

Strúctor
byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Þjónusta

**SANDBLÁSTUR
& MÁLUN**
á stáli, tré o.fl.

Þú kemur til okkar
eða við til þín

www.BLASTUR.IS

Blásam nýju lífi í hlutina

Verkstæði & verktafar
Helluhrauni 6, 220 Hfj.
S. 555-6005

Byggingar

Byggingafyrirtæki
getur bætt við sig verkum

Uppslátt á húsum og sökklum.

Pakendurbætur, tek niður
pantanir fyrir næsta ár 2024, geri
tilboð í verk.

Stálgrindarhús, geri tilboð, er í
samstarfi við innflutningsaðila.

Sumarhús, breytingar eða byggja
nýtt hús, geri tilboð.

Nánari upplýsingar, Þjóssi
smiður á google, s 893-5374

nybyggd@gmail.com

Málarar

Málarar

Tökum að okkur öll almenn
málningarverkefni við erum
faglærðir málar með mikla
reynslu. Sangjarnir í verðum.
Hafið samband í síma 782-4540
eða snaebjornm@gmail.com

Ýmislegt



Jessenius Faculty of Medicine í Martin Stóvakíu

verður með kynningu í MK Kópavogi
15. apríl kl. 15:30 og í MA Akureyri
16. apríl kl. 16:10.

www.jfmed.uniba.sk/en

Uppl. 8201071 og
kaldasel@islandia.is

Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur



Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðilseinka-
tíma fyrir félagsmenn og aðra.
Ennfremur ráðgjöf um næmni
og hugsanlega miðilshæfileika,
söfnun dulrænna reynslusaga,
ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a.

Þórhallur Guðmundsson miðill.

- Einnig er möguleiki á að fá
einkatíma í gegnum síma hvert á
land sem er, sem og erlendis.

Svörum í síma frá kl. 13-18

flesta daga ársins

SRFR.



Aðalsafnaðarfundur

Dómkirkjusafnaðarinn verður
haldinn sunnudaginn 21. apríl
2024 kl. 13.30 í Safnaðarheimilinu
Lækjargötu 14a.

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstórf:
Önnur mál.

Sóknarnefnd Dómkirkjunnar
í Reykjavík.

Bækur

Bækur til sölu

Töllatunguætt 1-4, MA stútentar
1-6, Járngerðastaðaætt 1-3,
Reykjaætt 1-4, Strandamenn,
Skákeinvígið 1972, mjög lítil
skákbækningur Flórens 1901,
Vestfirksar sagnir 1-4, Kvæði
Eggert Ólafsson 1832, Marta
María (Tove) 1932, Bergsætt 1-3,
Fjölnir fimmta ár, Íslensk
garðyrkjubók, Schubeler 1883,
Lítill varningsbók Jón Sig, Líf og
list, Annáll 19 aldar 1-4, Úr
byggðum Borgarfjarðar 1-3,
Óðinn 1-32, Sigurður
Guðmundsson málarí, Sérprent úr
Þjóðólfi 1888, Sjö stjarnarn úr
meyjarmerkinu, Svafár, Grímsnes
1-2, Innbundið í eina bók Kjarval,
Grjót, Meira grjót, Enn grjót, Einn
þáttur, Birtingur 1-2 1957, Diter
Rot, spegillinn 31-35 árgangur
ob, Íslengkir sjávarhættir 1-5,
Niðjatal Jóns prent
Þorvarðarssonar, Starfsemi
sílarrútefningsnefndar í 25 ár 1935-
1959,

Uppl. í síma 898 9475

Sumarhús



Sumarhús – Heilsárshús Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumar-
hús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og
breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar
útfærslur.
- Sjáum um almennt viðhald á
sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og
smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla –
endilega kynnið ykkur málið.

Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn,
sími 892-3742 og 483-3693,
www.tresmidjan.is

Bílar



**11/2022 Nýr óekinn Peugeot
e-208 GT 50 kWh rafmagnsbíll**
Hrikalega sportleg græja með
þrívíddar mælaborði sportsætum
o.fl., o.fl.

Þessi er 1.610.000 krónum ódýrari
hjá Sparibíll en í umboðinu.
Nei þetta er ekki prentvilla!

Okkar verð: 4.490.000,-



www.sparibill.is

Hátúni 6 A – sími 577 3344.

Opið kl. 10–18 virka daga.



HÖFÐABÍLAR

... þar sem bílar seljast



**LAND ROVER RANGE ROVER
EVOQUE SE.** Nýskráning 1/2019.
Akstur 69 þ.k.m. Dísel. Sjálfskipting 9
gírar. Flott verð kr. 5.390.000 Verð
áður 5.990.000 Raðnúmer 702866.



**LAND ROVER RANGE ROVER
SPORT SE DYNAMIC.** Ágerð 2023.
Akstur 15 þús. km. Bensín/Rafmagn.
Verð kr. 20.900.000. Raðnúmer
363560. Mjög vel búinn bíll - Satín
mattar 22" felgur, svartur toppur.
Seljandi skoðar skipti á ódýrari



**LAND ROVER RANGE ROVER
SPORT HSE.** Ágerð 7/2017. Akstur
94 þ.k.m. Dísel. Flott verð kr.
7.690.000 Raðnúmer 793968. Fylgja
með vetrardekk á 21" felgum.
Seljandi skoðar skipti á ódýrari.

Nánari upplýsingar veita

Höfðabílar ehf. í síma 577-4747

Fosshálsi 27, Draghálsmegin

mbl.is
alltaf - alstaðar